

Ed.

127. L Ö G

um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins.

(Afgreidd frá Ed. 10. janúar).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að setja með reglugerð eða reglugerðum þau ákvæði um verslun og siglingar til og frá landinu, er nauðsynleg þykja til þess að tryggja aðflutninga til þess. Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á henni og meðferð mála út af brotum gegn henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.